



**Júní 2022 Þema; Sumarið
Námsáætlun**

	Viðfangsefni	Markmið	Framkvæmd	Tilvísun í Aðalnámsskrá
1. júní - 3. júní 2022	<p>01.06 Kynning og umræður um þema mánaðarins, Sumarið. Setja niður matjurtir.</p> <p>02.06. Gera fínt hjá okkur fyrir skólaslit, útskrift og grillveislu morgundagsins.</p> <p>03.06. Skólaslit - frjáls leikur inni og úti. Grillveisla og tilheyrandi.</p>	<p>Að börnin læri að hafa skoðun og að sú skoðun skiptir máli og að á þau sé hlustað. Að kynnst ræktun og sjá hve mikið við getum gert sjálf í okkar eigin vistspori.</p> <p>Að börnin læri að það geti verið gaman að fá gesti og sýna þeim umhverfi sitt með stolti. Læra að vinna að sínu og vera stolt af því.</p> <p>Að börnin kynnist því og læri að gera sér glaðan dag og læra að þekkja umbun fyrir góð og vel unnin verk.</p>	<p>Sýna börnunum skipulag mánaðarins og ræða það. Spyrja hvað þeim finnst og af hverju þeim finnst það. Hjálpast að við að setja jurtirnar niður og vökva þær.</p> <p>Sópa í kringum sandkassann, snyrta í kringum matjurtarbalana og fegra það sem okkur finnst þurfa að fegra.</p> <p>Göngum frá í leikskólanum. Förum á sal, prúðbúin. Hlustum á og fylgjumst með skólaslitum og tökum þátt í þeim. Síðan er útskrift úr leikskólanum.</p>	<p>Kafli 9.1 Læsi og samskipti bls 42 og kafli 9.3 Sjálfbærni og vísindi bls 44 http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf</p> <p>Kafli 9 Samþætt og skapandi leikskólastarf bls a41 http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf</p> <p>Kafli 12 Tengsl skólastiga bls 50 http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf</p>



Júní 2022 Þema; Sumarið
Námsáætlun

	Viðfangsefni	Markmið	Framkvæmd	Tilvísun í Aðalnámsskrá
7. júní - 10. júní 2022	07.06. Fótabað með olíu og tásunudd á eftir.	Að börnin læri líkamlega umhirðu og dekri við sig og sinn hrausta og fallega líkama.	Börnin fara í fótabað með volgu vatni og olíu. Fá tásunudd að baði loknu og ræða um fæturna okkar, hvað þeir eru sterkir og duglegir.	Kafli 9.2 Heilbrigði og vellíðan https://www.stjornarradid.is/media/menntamalar-aduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
	08.06. Hjólatúr - Ærslabelgur	Njóta þess að brjóta upp hversdaginn og skipta um umhverfi.	Förum á hjólunum okkar niður að ærslabelg og aparólu. Leikum okkur um stund og höfum gaman.	Kafli 7 Leikur og nám bls 37 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalar-aduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
	09.06. Búum til fisk/fiska í tilefni Sjómannadags.	Læra inn á hátíðisdaga ársins. Í okkar samfélagi er Sjómannadagur einn af þeim dögum. Umræður og útskýringar.	Teiknum fiskamynd eða hvaðeina sem okkur finnst tilheyra Sjómannadeginum. .	Kafli 9.4 Sköpun og menning bls 45 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalar-aduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
	10.06. Frjáls leikur úti og inni.	Að börnin skapi sjálf sinn leik og læri að leika sér með öðrum börnum.	Börnin velja sér leik og leika sér saman með það sem varð fyrir valinu.	Kafli 7 Leikur og nám bls 37 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalar-aduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf



Júní 2022 Þema; Sumar
Námsáætlun

	Viðfangsefni	Markmið	Framkvæmd	Tilvísun í Aðalnámsskrá
13. júní - 16. júní 2022	13.06. Setja niður sumarblóm.	Mikilvægi þess að fegra umhverfið og hafa snyrtilegt í kringum sig með tilliti til áhrifa á líðan okkar.	Setja blóm í blómaker. Hvert og eitt barn velur sér blóm og setur þau í kerfið með aðstoð ef að þarf.	Kafli 8 Námsumhverfi bls 39 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
	14.06. Slökun úti á lóð ef veður leyfir. (Féll niður í síðasta mánuði vegna árshátíðarundirbúnings)	Finna hve góð áhrif slökun og núvitund hefur á okkur.	Dýnur, kodda og teppi út á lóð. Leggjast og koma sér vel fyrir, hlusta á sögu, hlusta á umhverfið. Finna lykt, horfa á skýin.	Kafli 9.2. Heilbrigði og vellíðan bls 43 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
	15.06. Teppahús úti á lóð ef veður leyfir, annars inni.	Að börnin reyni á samvinnu sín í milli og að taka tillit til hugmynda annarra við byggingu hússins.	Teppi, límband, klemmur og hvaðeina sem þarf til að gera fínt teppahús.	Kafli 9.4 Sköpun og menning bls 45 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
	16.06. Búum til íslenska fánann í tilefni 17. júní.	Þekkja þjóðfána okkar og tala um okkur sem þjóð og hvað eigum við sameiginlegt.	Umræður meðan á verki stendur, sjálfstæði okkar, Jón Sigurðsson. Lita/mála mynd af fánanum okkar.	Kafli 9.4 Sköpun og menning bls 45 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf



Júní 2022 Þema; Sumar
Námsáætlun

Viðfangsefni	Markmið	Framkvæmd	Tilvísun í Aðalnámsskrá
20.06. Skoða myndir af matjurtunum okkar hvernig þær munu líta út fullspróttar. Ræðum grænmeti og nauðsyn þess að borða það.	Reyna að gera okkur í hugarlund hverju við megum eiga von á þegar allt er fullvaxið.	Skoða myndir/myndbönd í iPad.	Kafli 9.3 Sjálfbærni og vísindi bls 44 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
21.06. Nestisferð í Leikskólalundinn.	Upplifa náttúruna og sjá afrakstur gróðursetningar fyrri ára.	Göngutúr í Leikskólalundinn, skoða og fræðast um gróðursetninguna og tilgangi hennar. Borða nesti og njóta útiveru	Kafli 9. Samþætt og skapandi leikskólastarf bls 41 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
22.06. Gerum æfingar úti á lóð, styrkjum og liðkum líkamann.	Að börnin fái hreyfingu við hæfi og geri sér grein fyrir nauðsyn hreyfingar fyrir líkamann.	Fara út á lóð, taka iPad með okkur, spila hressandi tónlist og gera æfingar	Kafli 9.2 Heilbrigði og vellíðan bls 43 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
23.06. Grænn dagur í dag. Við mætum í grænum fötum með grænt í hárinu.	Læra litina og hve gaman það er að brjóta upp hversdaginn.	Koma í grænum fötum, með grænt í hárinu eða hvaðeina sem börnum/foreldrum dettur í hug. Syngja, allt sem er grænt grænt.	Kafli 9.4. Sköpun og mennig https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf
23.06. Frjáls leikur inni og úti.	Að börnin skapi sjálf sinn leik og læri að leika sér með öðrum börnum.	Börnin velja sér leik og leika sér saman með það sem varð fyrir valinu.	Kafli 7 Leikur og nám bls 37 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-l-eiksk_vefur.pdf



Júní 2022 Þema; Sumar
Námsáætlun

	Viðfangsefni	Markmið	Framkvæmd	Tilvísun í Aðalnámsskrá
27. júní - 30. júní 2022	27.06. Leikum okkur á skólalóðinni og nánasta nágrenni.	Breyta til og útvíkka leiksvæðið okkar.	Fara út af leikskólalóðinni, kanna og leika á nærliggjandi svæði.	Kafli 8. Námsumhverfi bls 39 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
	28.06. Gönguferð að og upp á vatnsþró, mögulega höfum við nesti.	Kanna og skoða umhverfi okkar og læra um eyjuna okkar.	Fá okkur göngutúr, kanna, skoða og spyrja um það sem verður á vegi okkar.	Kafli 9.3. Sjálfbærni og vísindi bls 44 og kafli 8 Námsumhverfi bls 39 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
	29.06. Undirbúningur fyrir Nornaskógarhátíð á morgun.	Læra að til að geta haft hátíð þá þarf að undirbúa og leggja fram vinnu. Sýna fram á að sú vinna geti verið skemmtileg.	Baka fyrir hátíðina, taka til veifur og fána og ákveða hernig við ætlum að stilla upp.	Kafli 9.4. Sköpun og menning bls 45 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
	30.06. Nornaskógarhátíð. Síðasti dagur fyrir sumarlokun og við gerum okkur glaðan dag.	Læra gildi tilbreytingar og hátíðahalda. Það er ýmislegt sem hægt er að gleðjast yfir og þarf ekki alltaf að vera stórviðburður.	Skreyta Nornaskóg, borða nesti, syngja, njóta og hafa gaman.	Kafli 9.2. Heilbrigði og vellíðan bls 43 og kafli 7 Leikur og nám bls 37 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf